

## **Evrópusamtök verða evru-kreppunni að bráð með aumu yfirklori**

**Eftir Björn Bjarnason**

Hér á síðunni hefur verið birt hugleiðing eftir Berlínarritstjóra þýsku vefsíðunnar SpiegelOnline. Hann telur að aðfaranótt föstudags 9. desember hafi Evrópusambandið gjörbreytt um eðli, hrænsinni hafi verið ýtt til hliðar og menn tekið til við að ræða mál af alvöru og horfast í augu við það sem gera þurfi undir leiðsögn Þjóðverja og Frakka. Bretar hafi í raun ekki átt annað skilið en að verða settir út í horn. Nú hafi leiðin til sambandsríkis Evrópu verið mörkuð þótt Angela Merkel tali um ríkisfjármálabandalag.

Hér á landi starfa samtök sem kenna sig við Evrópu. Þau vilja aðild Íslands að Evrópusambandinu hvað sem tautar og raular. Þeim finnst óþægilegt að rætt sé á neikvæðan hátt um Evrópusambandið og þola illa umræðurnar eftir leiðtogaráðsfundinn í Brussel 8. og 9. desember eins og þessi makalaus hugleiðing á vefsíðu Evrópusamtakanna 9. desember sýnir:

„Mikið er rætt og skrafað um útkomu dagsins í Brussel, sem er í stuttu máli þessi: Þau lönd sem eru með Evruna hafa bundist samkomulagi um að herða fjármálalegan aga og harðari viðkvæðum verður beitt gagnvart þeim ríkjum sem ekki halda sig innan þeirra ramma sem ákveðið var (svo).

Sjálfsgagt á eftir að útfæra þetta nokkuð og ekki útilokað að þetta taki einhverjum breytingum.

Mikið er rætt um Breta, sem sögðu nei við þessu samkomulagi og það er jafnvel rætt um að Bretland komi til með að einangrast innan ESB. Hverjir stjórna því? Eru það Bretar sjálfir eða er það ESB?

Fyrrum heimsveldið Bretland ákvað jú sjálft að vera ekki með í Evrunni, en á sama tíma hefur landið gríðarlega hagsmuni af því að Evrukerfið, fjármálakerfi Evrópu og þar með heimsins, haldi áfram að virka eins og best verður á kostið (svo). Það eru ekki litlir hagsmunir og skiljanlegt að Bretar reyni að verja þá.

Málið allt sýnir hinsvegar hina góðu hlið á ESB, þar sem mál eru afgreidd með samráði og samræðum valdamanna aðildarríkjanna, en ekki t.d. með herforingjum eða með ungum vopnuðum mönnum á einhverjum vígvöllum í Evrópu!

Og öll kerfi virka; bankakerfi, viðskiptakerfi, almenningur er ekki að drepast úr áhyggjum yfir því að stríð sé á næsta leiti! „Life goes on“ !!

Hér heima hamast svo andstæðingar og illindamenn gagnvart ESB, eins og rjúpan við staurinn að koma með heimsendaspár um dauða Evrunnar, klofning ESB og hvaðeina.

Þeir gleyma eðli ESB, sem er; hreyfanlegt og „dýnamískt“ samband fullvalda þjóða, þar sem málín eru kannski rædd, samkvæmt frasanum, „í reykfylltum bakherbergjum“ í Brussel,

þangað til niðurstaða fæst.

Sennilegast er þó líklegt að reykingar séu bannaðar í fundarherbergjum Brussel og að menn verði að fara út undir bert Brussel-loftið til að fá sér smók! Þeir sem reykja á annað borð!“

Af öllu því sem ég hef lesið um leiðtogaráðs ESB 8. og 9. desember er þetta það aumasta yfirlýsing yfir klöfninginn innan sambandsins sem ég hef séð.

Þarna er meira að segja leitast við að afsaka baktjaldamakk leiðtoga ESB-ríkjanna sem er þó með öllu óþarft í þessu tilviki því að í raun gerðist það fyrir eins opnum tjöldum á lokuðum leiðatogafundi og unnt er að David Cameron sagðist ekki vilja fórna hagsmunum breskra fjármálafyrirtækja með því að heimila að ESB-sáttmálum yrði breytt í von um að með því yrði unnt að leysa evru-vandann. Við svo búið ákváðu evru-ríkin að lúta forsögn Þjóðverja og Frakka og gera samning sín á milli um leiðir til að styrkja evru-samstarfið og reisa varnir við það að saga undanfarinnar mánaða endurtæki sig.